

SÝNATÖKUR Í VILLTUM FUGLUM ÞEGAR UM STERKAN GRUN*¹ ER AÐ RÆÐA

1. Útbúnaður

1. Einnota hlífðargalli með hettu*²
2. Einnota hanskar*
3. Einnota andlitsgrímur sem uppfylla P3 staðal (FFP3 D, EN 149:2001)*
4. Skófatnaður sem hægt er að sótthreinsa eða einnota hlífðarskór*
5. Stórir, sterkir plastpokar (svartir ruslapokar)
6. Sterkt límband
7. Góður pappakassi
8. Rakadrægur pappír (má nota dagblöð)
9. Úðabrúsi með sótthreinsilegi (t.d. Antec VirkonS[®])
10. Eyðublöð til þess að skrá niður allar upplýsingar

2. Sýnataka

1. Klæðist hlífðarfatnaði og tveimur pörum af einnota hönskum.
2. Setjið hræið í plastpoka, og lokið vel.
3. Úðið plastpokann með sótthreinsiefni að utanverðu og setjið í annan plastpoka. Sótthreinsið skófatnað eða farið úr hlífðarskóm og setjið þá og ytri hanskana í þennan poka. Leggið með rakadrægan pappír. Lokið vel.
4. Setjið pokann með hræinu í þriðja pokann.
5. Farið úr hlífðargalla (snúið honum við) og takið af ykkur andlitsgrímuna og setjið í sérstakan poka til förgunar (má senda með sýninu). Farið að lokum úr innri hönskum og setjið í sama poka.
6. Lokið pokanum með sýninu vel með sterku límbandi.
7. Setjið í góðan pappakassa og leggið rakadrægan pappír með.
8. Hafa skal samband við Keldur áður en sýnin eru send. Símanúmerið þar er 585 5100 og tengiliðir eru Eggert Gunnarsson (861 3817) og Vilhjálmur Svansson (893 6777).
9. Merkið sendinguna með eftirfarandi áletrun:
**Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum,
v/ Vesturlandsveg,
112 Reykjavík
s. 585 5100
b.t. Eggerts Gunnarssonar (861 3817) eða
Vilhjálmss Svanssonar (893 6777)
Nafn sendanda**
10. Fyllið út fylgiseðil með nauðsynlegustu upplýsingum og límið hann utan á kassann.
11. Þvoið ykkur vel um hendur um leið og þið hafið tök á því og sótthreinsið hendur.

*¹ Sterkur grunur: Viðbúnaðarstig 2 eða 3 og 3 eða fleiri dauðir fuglar finnast og engin augljós ástæða dauða þeirra.

*² Einnota galla og andlitsgrímur má t.d. fá hjá Rekstarvörum eða Dynjanda.